

ENDURSKOÐENDARÁÐ

Skýrsla um niðurstöður gæðaeftirlits 2013

Reykjavík 26. ágúst 2014

Skýrsla um niðurstöður gæðaeftirlits 2013

Almennt um gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda

Endurskoðendaráð er skipað samkvæmt lögum um endurskoðendur sem tóku gildi 1. janúar 2009 með innleiðingu áttundu tilskipunar Evrópuráðsins og er hlutverk þess að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækjari ræki störf sín í samræmi við ákvæði laga um endurskoðendur nr. 79/2008.

Gæðaeftirlit er mikilvægur hluti þess eftirlits sem endurskoðendaráði er ætlað sbr. VII. kafla laganna. Ráðið setur reglur um framkvæmd gæðaeftirlitsins og hefur eftirlit með því en framkvæmd þess er í höndum Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) samkvæmt 13. gr. laganna.

Almennt skulu endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækjari sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á sex ára fresti eins og segir í 1. mgr. 22. gr. laganna. Þó skulu endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtækjari sem annast endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum (ETA) sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Af hálfu FLE hefur gæðanefnd félagsins umsjón með gæðaeftirlitinu. Gæðaeftirlitið annast sérstakir gæðaeftirlitsmenn sem endurskoðendaráð hefur samþykkt og skila þeir skýrslum að loknu gæðaeftirliti til gæðanefndar. Nefndin fer yfir hverja skýrslu og skilar þeim að lokum til endurskoðendaráðs ásamt greinargerð um eftirlitið. Endurskoðendaráð leggur eigið mat á niðurstöðu hverrar skýrslu og bregst við í samræmi við það. Samkvæmt 5. mgr. 22. gr. laganna skal endurskoðendaráð árlega birta upplýsingar um heildarniðurstöðu gæðaeftirlitsins.

Undirbúningur gæðaeftirlits 2013

Eins og kveðið er á um í 22. gr. laganna um endurskoðendur beinist gæðaeftirlitið að endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum og er markmið þess að stuðla að því að við framkvæmd endurskoðunar sé fylgt góðri endurskoðunarvenju eins og hún er skilgreind í bráðabirgðaákvæði II. í lögnum.

Gæðaeftirlit 2013 var fjórða gæðaeftirlitið sem framkvæmt var eftir að lög nr. 79/2008 tóku gildi. Nýtt endurskoðendaráð var skipað 21. maí 2013 og hófst undirbúningur að gæðaeftirliti ársins á haustdögum. Á fundi endurskoðendaráðs 14. október 2013 var tekin ákvörðun um að framkvæma gæðaeftirlit á gæðakerfum endurskoðunarfyrtækjari árið 2013 og lentu tíu endurskoðunarfyrtækjari í tilviljanakenndu úrtaki ráðsins. Þann 17. október 2013 sendi endurskoðendaráð bréf til FLE þar sem ráðið óskaði eftir því að FLE framkvæmdi könnun á gæðakerfum þeirra endurskoðunarfyrtækjari sem lentu í úrtakinu.

Gæðaeftirlit ársins 2013 beindist eingöngu að gæðakerfum endurskoðunarfyrirtækja og voru einstök verkefni endurskoðenda því ekki skoðuð í eftirliti ársins 2013. Eingöngu var stuðst við gátlista tvö í fylgiskjali með reglum nr. 771/2012 um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda, en ekki þótti ástæða til að þess að uppfæra reglurnar fyrir gæðaeftirlitið. Félag löggiltra endurskoðenda tilnefndi þrjá gæðaeftirlitsmenn til þess að framkvæma gæðaeftirlitið og samþykkti endurskoðendaráð gæðaeftirlitsmennina.

Framkvæmd gæðaeftirlits 2013

Þann 5. nóvember 2013 sendi endurskoðendaráð boðunarbréf til þeirra endurskoðunarfyrirtækja sem sæta skyldu gæðaeftirliti. FLE úthlutaði verkefnum til gæðaeftirlitsmanna í desember 2013 og var gæðaeftirlitið framkvæmt á tímabilinu janúar til júní 2014. Gæðanefnd starfaði samkvæmt áðurgreindum reglum endurskoðendaráðs og eigin verklagsreglum sem gæðanefndin hafði sett um framkvæmd eftirlitsins. Nefndin fjallaði um skýrslur gæðaeftirlitsmanna eftir því sem þær bárust og setti fram ábendingar eða athugasemdir ef hún taldi ástæðu til. Skýrslur gæðaeftirlitsmanna ásamt umsögn eða athugasemdum sem fram höfðu komið við gæðaeftirlitið voru sendar til ráðsins með nafnleynd.

Gæðaeftirlit ársins 2013 fól í sér sannprófanir á að gæðakerfi endurskoðunarfyrirtækja væri í samræmi við góða endurskoðunarvenju skv. 9. gr. laga um endurskoðendur, sbr. ákvæði II til bráðabirgða í sömu lögum. Við gæðaeftirlitið var stuðst við gátlista tvö (innra gæðaeftirlitskerfi) sem fylgdi reglum nr. 771/2012 um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda. Í gátlistanum er vísað til ákvæða í lögum um endurskoðendur, ákvæða í alþjóðlegum endurskoðunarstaðli um gæðakerfi (ISQC 1) og síðareglna fyrir endurskoðendur.

Gæðanefndin lauk störfum sínum með skýrslu til ráðsins þann 13. júní 2014 þar sem fram kemur umsögn nefndarinnar um framkvæmd og niðurstöður gæðaeftirlitsins. Niðurstaðan var að framkvæmt var gæðaeftirlit hjá níu endurskoðunarfyrirtækjum og var eitt fyrirtæki enn í ferli þegar skýrsla gæðanefndar barst endurskoðendaráði. Endurskoðendaráði barst síðasta gæðaeftirlitsskýrslan 27. júní 2014.

Niðurstaða gæðaeftirlitsins

Endurskoðendaráð fór yfir allar skýrslur gæðaeftirlitsmanna og tók afstöðu til ábendinga og athugasemda þeirra ásamt þeim athugasemdum sem fram höfðu komið frá viðkomandi aðila sem sætti gæðaeftirliti. Umfjöllun ráðsins og endalegri afgreiðslu mála sem varða gæðaeftirlitið lauk á fundi ráðsins þann 12. ágúst 2014.

Niðurstaða gæðaeftirlitsins er eftirfarandi:

	Fjöldi	Engir annmarkar	Tilmæli um úrbætur	Áminning
Endurskoðunarfyrirtæki skv. 1. mg. 22 gr.	10	6	4	0

Fjögur af þeim endurskoðunarfyrirtækjum sem sættu eftirliti fengu tilmæli frá endurskoðendaráði um úrbætur vegna óverulegra annmarka. Þess ber þó að geta að eingöngu var um smávægilega annmarka að ræða og var það mat ráðsins að gæðakerfi þeirra endurskoðunarfyrirtækja sem sættu gæðaeftirliti árið 2013 væri alla jafna í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Þá kemur fram í skýrslu gæðanefndar að nefndin hafi átt gott samstarf við gæðaeftirlitsmenn og að ábendingum hafi verið vel tekið.

Endurskoðendaráði, 26. ágúst 2014.

Áslaug Árnadóttir

Hildur Árnadóttir

Jóhann Unnsteinsson

Pálína Árnadóttir

Þórður Reynisson